

Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi

haldinn á Icelandair hótel Hérað Egilsstöðum 26. september 2016.

Tillögur til 32. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

13. og 14. október 2016.

1. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að hvergi verði kvikað frá þeirri sanngjörnu kröfu að strandveiðar verði heimilaðar 4 daga í viku 4 mánuði á ári.
2. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi krefst þess að veiðigjald smærri útgerða án vinnslu verði endurskoðað og verulegur afsláttur veittur til þeirra af gjaldinu. Það nær ekki nokkurri átt að litlar einstaklingsútgerðir greiði sama gjald og stórútgerðir með vinnslu og söluskristofur erlendis. Með því að láta alla greiða jafnt er ríkisvaldið að stuðla að samþjöppun veiðiheimilda og er veiðigjaldið í núverandi mynd byggð fjandsamlegt.
3. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi er mótfallinn uppboðsleið aflaheimilda.
4. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi lýsir yfir vonbrigðum með að endurvigtunarleyfi hafi ekki verið aflögð. Telur fundurinn að þær aðgerðir sem var farið í á síðasta ári sé ódýrt yfirklió.
5. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi óskar eftir því við stjórnvöld að reglum um úthlutun byggðakvóta verði breytt þannig að þeir bátar sem leigi meiri veiðiheimildir frá sér en til sín verði ekki með í úthlutun byggðakvóta næsta kvótaár á eftir.
6. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi lýsir áhyggjum sínum með veiðiaðferðir á sæbjúgum þar sem dreginn er stór stálbiti eftir botninum með keðjur undir, sem hlífa pokanum. Skipstjórnarmenn lýsa þessu sem jarðýta með ripper fari um botninn. Fer fundurinn fram á að fram fari rannsóknir á hvaða áhrif veiðarfærin hafi á botninn.

7. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun á kvóta við löndun.

Greinargerð

Með þessum hætti ætti gagnsæi við úthlutun byggðakvóta að aukast og einnig auðvelda nýjum aðilum að koma inn, þar sem ekki þurfi veiðireynslu frá síðasta kvótaári til viðmiðunar. Eftir sem áður yrðu reglur fyrir einstök byggðalög. Byggðáívilnun með breytilegri prósentu eftir byggðalögum þar sem vægi byggðakvóta væri misjafnt eftir byggðalögum þ.a.s. sum byggðalög væru t.d. með 75% til kvóta en önnur með 90% til kvóta.

8. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi krefst þess að hætt verði að rukka sérstakt gjald á strandveiðibáta, þ.e. það fimmtíu þúsund króna gjald sem rennur til hafna.
9. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að ufsi veiddur á handfæri teljist ekki til kvóta.
10. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi hvetur grásleppuveiðimenn til að hefja ekki veiðar á vertíðinni 2017 fyrr en verð liggur fyrir. Fundurinn telur að lágmarksdagafjöldi á grásleppuveiðum verði aldrei færri en 32.
11. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi tilnefnir Kára Borgar Ásgrímsson sem fulltrúa í grásleppunefnd LS.
12. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi telur að fækka eigi fulltrúum í grásleppunefnd LS niður í þrjá nefndarmenn. Telur fundurinn að öll vinna í nefndum verði skilvirkari með færri nefndarmönnum.